Fullgild rafræn undirskrift
VALDIMAR VÍÐISSON
Kennitala: 100978-3509
2025-09-12 10:40:17 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
GUNNAR VALUR GÍSLASON
Kennitala: 060358-6809
2025-09-12 13:08:39 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
RAGNHILDUR JÓNSDÓTTIR
Kennitala: 141179-3659
2025-09-16 14:00:19 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
DÓRA BJÖRT GUÐJÓNSDÓTTIR
Kennitala: 190688-2599
2025-09-16 18:41:03 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ORRI VIGNIR HLÖÐVERSSON
Kennitala: 200664-2139
2025-09-17 16:50:57 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ALDÍS STEFÁNSDÓTTIR
Kennitala: 071076-4829
2025-09-17 17:16:54 GMT
Ástæða: Undirskrift

FUNDARGERÐ 519. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, mánudaginn 8. september 2025. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Dóra Björt Guðjónsdóttir.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Aldís Stefánsdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Ragnhildur Jónsdóttir í forföllum Svönu Helenar Björnsdóttur, og Valdimar Víðisson.

Valdimar Víðisson sækir fund með fjarfundarbúnaði.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Fundaáætlun stjórnar

Stjórn ræðir fundaáætlun stjórnar.

2. Kostnaður vegna flokkunar drykkjarferna

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir kostnaði við flokkun og sérhæfða endurvinnslu á blönduðum pappír, og ávinningi af flokkun og sérhæfðri endurvinnslu.

Umræður og afgreiðslu málsins frestað.

3. Árshlutauppgjör SORPU bs. – endurskoðað sex mánaða uppgjör lagt fram til samþykktar

Fjármálastjóri gerir grein fyrir endurskoðuðu árshlutauppgjöri SORPU bs.

Stjórn samþykkir uppgjörið.

Árshlutauppgjörið fylgir fundargerð.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

4. Breytingar á gjaldskrá endurvinnslustöðva

Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs gera grein fyrir minnisblaði um aukinn kostnað við rekstur endurvinnslustöðva SORPU á fyrstu sjö mánuðum ársins, sem er um 50 milljónir umfram tekjur. Helsta ástæða aukins kostnaðar er veruleg magnaukning umfram áætlun, og breytt samsetning úrgangs sem berst á endurvinnslustöðvarnar.

Stjórn samþykkir að hækka gjaldskrá endurvinnslustöðva um 10% þann 1. október nk. til að mæta auknum kostnaði, en gjaldskrá endurvinnslustöðva hefur verið óbreytt frá 1. janúar 2024.

Minnisblað fylgir fundargerð.

Valdimar Víðisson víkur af fundi eftir afgreiðslu þessa liðar.

5. Drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 kynnt

Fjármálastóri gerir grein fyrir drögum að fjárhagsáætlun fyrir árið 2026.

6. Undirbúningsfélag um byggingu hátæknibrennslu

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu á stofnun undirbúningsfélags um hátæknibrennslu.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

7. Gatnagerðargjöld – Lambhagavegur

Fjármálastjóri gerir grein fyrir afstöðu Reykjavíkurborgar um álagningu gatnagerðargjalda á endurvinnslustöðina við Lambhagaveg.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

8. Málefni GAJU – samkomulag um lokaskil á framleiðslutækni

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir samkomulagi við Aikan um lokaskil á framleiðslutækni í GAJU.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að semja við Aikan á grundvelli samkomulagsins sem lagt er fram.

9. Málefni endurvinnslustöðva – Dalvegur

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir þeirri vinnu sem unnin hefur verið frá síðasta stjórnarfundi vegna fyrirhugaðrar lokunar endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg. Vinna er hafin við að leita leiða til að hanna endurvinnslustöð sem hentar lóð á Glaðheimasvæðinu í Kópavogi.

10. Önnur mál og frágangur fundargerðar

Lokun móttöku fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir í Jafnaseli frá 1. september.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

11. Önnur mál og frágangur fundargerðar

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður mánudaginn 13. október klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:45.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026